

248. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn á skrifstofu Rangárþings eystra að Hvolsvelli, miðvikudaginn 28. september 2016, kl. 14:00.

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ari B. Thorarensen, Ísólfur Gylfi Pálmason og Ásta Stefánsdóttir.

Einnig sátu fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, og Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur, sem sat fundinn undir lið 1 og 2.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Skoðunarferð á Strönd.

Skoðuð var aðstaða Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd og kynnti stjórnin sér þá starfsemi sem þar fer fram undir leiðsögn þeirra Ágústar Inga Ólafssonar, stjórnarformanns, og Ómars Sigurðssonar, umsjónarmanns. Að þessu loknu kynnti stjórnin sér leiðir þær sem Rangárþing eystra hefur farið við skólphreinsun.

2. Drög að samningi við Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðing.

Rætt var um samning um sérfræðiráðgjöf vegna greiningar á stöðu úrgangsmála á Suðurlandi og tillögugerðar um fyrirkomulag málaflokksins í landshlutanum á næstu árum. Stjórn staðfestir samninginn og felur formanni að undirrita hann. Rætt var um áfangaskiptingu verkefnisins.

3. Aðalfundur SOS 21. til 22. október. Undirbúningur.

Farið var yfir dagskrá aðalfundarins, skýrslu stjórnar, tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá Sorpstöðvar Suðurlands. Stjórn samþykkir skýrslu stjórnar, fjárhagsáætlun og tillögu að gjaldskrá.

4. Viðræður við Sorpu og Sveitarfélagið Ölfus.

Formaður fór yfir stöðu mála. Óskað verður eftir fundi með viðræðuhópi Sorpu um næstu skref.

5. Önnur mál.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn að Hnappavöllum í Örafum miðvikudaginn 19. október kl. 20:00.

Fundi slitið kl. 16:15.